

# HEILBRIGÐISEFTIRLIT VESTFJARÐA

# STARFSLEYFI

## Vestfirðingur ehf

600212-2570

Til að starfrækja Land- og kvíældi að 200 tonnum

*Regnbogasilung*

Staðsetning: 200m radíus frá 66°02.396'N – 23°03.342'V í Önundarfirði

Heimilisfang:  
Hafnarbakka 8  
425 Flateyri

Nafn rekstraraðila: Sigurður Pétursson

Kennitala rekstraraðila:

Endurútgengið vegna eigendaskipta  
Upprunalega gefið út á Sjávargæði ehf kt: 530906-0190

**Útgáfudagur: 04. júní 2010      Gildir til: 04. júní 2022**

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum, lögum nr. 93/1995 um matvæli þegar um matvæli er að ræða og laga nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni eftir því sem við á. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða settum samkvæmt þeim.

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina kunnu að gilda.


Leyfið er einnig gefið út með neðangreindum starfsleyfisskilyrðum:  
Starfsleyfisskilyrði fyrir fiskeldi í sjó

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga upp á áberandi stað.

Starfsleyfið er gefið út til 12 ára en heimilt er að endurskoða það ef breytingar verða á starfsemi, rekstri eða staðsetningu að mati útgefanda. Endurskoða skal jafnan starfsleyfi á fjögurra ára fresti Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá.

Bolungarvík, 16. apríl 2014



# HEILBRIGÐISEFTIRLIT VESTFJARÐA

Aðalstræti 21-23, , 415 Bolungarvík, s. 456-7087, fax 456-7088

Bolungarvík 16.apríl 2014

Vestfirðingur ehf  
Hafnarbakka 8  
Aðalstræti 53  
425 Flateyri

## Starfsleyfi fyrir Land- og kvíaelði

Á fundi sínum þann 4. júní 2010 fjallaði heilbrigðisnefnd Vestfjarða um starfsleyfi fyrir Vestfirðingur ehf (var áður Sjávargæði ehf- kt: 530906-0190). Staðsetning 66°02.396'N – 23°03.342'V fyrir regnbogasilung. Starfsleyfið gildir til 4. júní 2022. Eldiskvíar skulu staðsettar innan 200m ríðius frá staðsetningarpunkti. Fyrirtækið flokkast sem Land- og kvíaelði (ÍSAT no. 050220). Í samræmi við gjaldskrá fyrir heilbrigðis- og mengunareftirlit Vestfjarðasvæðis frá 13. apríl 2012 nr. 385 er árlegt eftirlitsgjald kr 24.203 miðað við eftirlitsheimsókn annað hvert ár.

Starfsleyfisgjald er kr 9.681. Reikningur í samræmi við það verður sendur síðar.

Eigandi/forráðamaður skuldbindur sig til að sjá svo um að starfsemi og rekstur fyrirtækisins sé í samræmi við gildandi lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, svo og önnur lög og reglur er starfsemina varða. Fyrirhugaðar meiriháttar breytingar á framleiðslu og rekstri skulu gerðar í samráði við heilbrigðiseftirlitið. Starfsleyfi þetta, er veitt skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, m.s.br. og reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun nr 785/1999. Starfsemin er einnig háð útgáfu rekstrarleyfis samkvæmt lögum um fiskeldi nr. 71/2008.

Samkvæmt 32. grein laga nr 7/1998 má kæra ákvörðun heilbrigðisnefndar um útgáfu starfsleyfis til fullnaðarúrskurðar umhverfisstjórnanna innan tveggja vikna frá ákvörðun heilbrigðisnefndar.

Virðingarfyllt



Anton Helgason  
Heilbrigðisfulltrúi